

Alþingi
Erindi nr. P 135/ 2526
komudagur 6.5. 2008

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 5. maí 2008.

Utanríkismálanefnd Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík.


Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar Alþingis 17. apríl 2008 þar sem réttarfarsnefnd var sent til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, 518. mál. Réttarfarsnefnd hefur farið yfir frumvarpið og telur rétt að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri:

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna heimild til að hefja rannsókn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, á hendur aðila sem alþjóðlegar þvingunaraðgerðir beinast gegn þrátt fyrir að grunur liggja ekki fyrir um refsivert atferli. Réttarfarsnefnd tekur fram að þetta ákvæði víkur ekki til hliðar þeim lögfestu reglum sem gilda um þvingunarúrræði samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Þannig verður ekki beitt úrræðum á borð við leit, símhlerun, farbann eða gæsluvarðhald nema fullnægt sé lögbundnum skilyrðum og að undangengnum dómsúrskurði. Að þessu gættu hefur 6. gr. frumvarpsins eingöngu að geyma heimild til að gripið verði til annarra rannsóknaraðgerða sem ganga skemur gagnvart þeim sem þær beinast gegn. Ætla má hins vegar að slík heimild sé þegar fyrir hendi eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála og reglum sem gilda um alþjóðlega réttarsamvinnu gagnvart þeim sem sætir alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Því verður talið að umrætt ákvæði 6. gr. frumvarpsins hafi takmarkað gildi ef nokkurt.

Þá er gerð sú athugasemd við umrætt ákvæði frumvarpsins að óþarft er að vísa til laga um meðferð opinberra mála með því að tilgreina númer þeirra og ártal auk þess sem athygli er vakin á því að til meðferðar á Alþingi er frumvarp til laga um meðferð sakamála sem mun leysa þau lög af hólmi. Verði það frumvarp afgreitt á yfirstandandi þingi þarf að breyta þessu ákvæði til samræmis við það.

Réttarfarsnefnd telur ekki efni til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari